



**“Lentir þú í árekstri”**

Láttu okkur þá laga bílinn.

Frí Tjónaskoðun.



**FIMM STJÖRNU GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI**

Auðbrekku 27. Kópavogi

554 2510

www.bilasprautun.is

**20 ÁRA REYNSLA**

Þjónusta þína fasteign þar til hún selst og aðstoða við kaup á nýrri fasteign



Ég vil vinna fyrir þig.



**Hannes**

Löggiltur fasteignasali

**699 5008**

hannes@fastlind.is



# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

06. tbl. 31. árg. Fimmtudagur 27. febrúar 2025. Kópavogspóstinum er dreift ókeypis inn á heimili í Kópavogi  
FRÉTTABLAÐ KÓPAVOGSBÚA FRÁ 1994 BÆJARBLAÐIÐ ÞITT! VEFSÍÐA: [WWW.KGP.IS](http://WWW.KGP.IS)

**KOMINNTÍMIA SKOÐUN?**

Verið velkomin með bílinn í skoðun á **Dalveg 22**

**Lyfjaval**  
HEILSA & HÁMINGJA

Bílaapótek Lyfjavals  
Hæðasmára

**FASTEIGNASALAN TORG**

KRAFTUR  
TRAUST  
ÁRANGUR

**Darri Örn**  
löggiltur fasteignasali  
Sími 767-0000

**errea**

Bæjarlind 14-16  
www.errea.is

**MEKÓ**

**MENNING Í KÓPAVOGI**

## 680 tilboð bærust í lóðir í Vatnsendahvarfi

Útsýni! Alls bærust 680 tilboð frá 62 aðilum í byggingarrétt lóða í Vatnsendahvarfi

Mikill áhugi er á lóðum í Vatnsendahvarfi, en í nýafstöðnu útboði voru lögð fram 680 tilboð frá 62 aðilum í byggingarrétt lóða í Vatnsendahvarfi í nýafstöðnu útboði. Opíð var fyrir tilboð í lóðir frá 23. janúar til 20. febrúar og voru í þessum áfanga í boði lóðir fyrir einbýlishús, parhús, klasahús og fjölbýli.

„Það er virkilega ánægjulegt að sjá hversu mikil þátttaka er í útboðinu en kemur ekki á óvart, miðað við áhugann sem við höfum fundið. Vatnsendahvarf verður fallett hverfi á frábærum útsýnisstað. Við erum þegar byrjuð á gatnagerð og að undirbúa skóla í Vatnsendahvarfi og það verður spennandi að fylgjast með hverfinu í uppbyggingu næstu árin.“ segir Ásdís Kristjánsdóttir bæjarstjóri Kópavogs. (Frh. á bls. 2).

**LÆGSTA VERÐIÐ Í KÓPAVOGI ER Á DALVEGI**

**HAFIÐ FISKVERSLUN**  
- Gæðin skipta mátt -

Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi

**Nettó Engihjalla**  
Opíð alla daga 8-24

**30% AFSLÁTTUR MEÐ VILDARKORTI LINDAR**

**VILDARKORT LIND FASTEIGNASALA**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

**LIND FASTEIGNASALA**

Bæjarlind 4 / Sími: 510 7900 / [www.fastlind.is](http://www.fastlind.is)

Húsgagnahöllin: 30% afsláttur af öllum vörum. Betra bak: 30% afsláttur af öllum vörum. Dorma: 30% afsláttur af öllum vörum. Flugger: 30% afsláttur af allri innimálningu. S. Helgason: 30% afsláttur af öllum borðplötum. Parki: 30% afsláttur af öllum vörum nema innréttingum. Z brautir og gluggatjöld: 30% afsláttur af öllum vörum. Vidd: 30% afsláttur af öllum vörum. Húsasmiðjan: 30% afsláttur af hreinlætistækjum og ljósum. ATH! Afslátturinn gildir ekki á útsölum.

## Næsta skref að fara yfir tilboðin



Unnið er við gatnagerð í Vatnsendahvarfi um þessar mundir

Tekið var á móti tilboðum í gegnum útboðsvef Kópavogsbæjar, Tendsign. Þess má geta að haldinn var sérstakur kynningarfundur um útboðskerfið sem mæltist vel fyrir. Allar spurningar og svör við þeim voru gerðar aðgengilegar í Tendsign í framhaldinu.


Næsta skref er að fara yfir tilboðin, meta tilboð út frá úthlutunarskilmálum og hvort þau eru gild. Að þeirri vinnu lokinni verða þau tekin til afgreiðslu á fundi bæjarráðs og í kjölfarið til afgreiðslu bæjarstjórnar.

Tilboðsgjafar sem eiga hæsta tilboð í tiltekna lóðir eru skuldbundnir til að leggja

inn umsókn um byggingarleyfi eigi síðar en 12 mánuðum frá úthlutun lóðar. Úthlutun lóða telst samþykkt frá og með staðfestingu bæjarstjórnar.

Í Vatnsendahvarfi verða 500 íbúðir í fjölþýli og sérþýli og fellur byggðin vel að nágrenninu. Lögð er áhersla á umhverfsvæna byggð og góðar samgöngutengingar fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur. Fyrsti áfangi úthlutunar lóða í hverfinu var í maí 2024, nú er verið að fara yfir tilboð í öðrum áfanga úthlutunar. Þriðji og síðasti áfangi úthlutunar verður síðar á þessu ári.

# Heildarkostnaður keppnisvallar við Kórinn metinn á rúma 2,2 milljarða



Frumkostnaðaráætlun er byggð á forhönnunarteikningum ASK arkitekta og HANNA verkfræðistofa fyrir Kópavogsbæ

Á fundi bæjarráðs í síðustu viku var lögð fram umsögn sviðsstjóra umhverfissviðs, fjármálasviðs og menntasviðs Kópavogi vegna uppbyggingu keppnisvallar og stúku fyrir HK við Kórinn, en uppbygging keppnisvallar við Kórinn er stórt og metnaðarfullt verkefni sem hefur verið í undirbúningi um árabil.

Þá var lögð fram frumkostnaðaráætlun sem er byggð á forhönnunarteikningum ASK arkitekta og HANNA verkfræðistofa, en þar er heildarkostnaður verkefnisins metinn á 2.204.708.910 kr.

**Viljayfirlýsing undirrituð árið 2013 þegar HK flutti starfsemi í Kórinn**  
Málið á rætur að rekja til ársins 2013 þegar viljayfirlýsing var undirrituð um flutning á starfsemi HK í Kórinn. Árin 2016 og 2021 voru gerðar ýmsar samþykktir um rekstrarsamninga og stofnun vinnuteymis til að vinna að uppbyggingu keppnisvallarins. Árið 2023 lauk vinnuteymið við greinargerð þar sem lagðar voru fram þrjár mögulegar sviðsmyndir fyrir uppbyggingu vallarsvæðisins. Sú sviðsmynd sem valin var felur í sér tveggja hæða stúku með 1.027 sætum, upphitaðan keppnisvöll með flóðlýsingu og aðstöðu fyrir leikmenn og starfsfólk.

### Tillit tekið til þarfa HK, krafna KSÍ og þarfa Kópavogsbæjar

Við hönnun vallarins hefur verið tekið tillit til þarfa HK, krafna KSÍ og þarfa Kópavogsbæjar. KSÍ krefst gervigrasvallar með hitalögnum og fullnægjandi flóðlýsingar fyrir leiki í efstu deildum. HK hefur sett fram kröfur um að stúkan uppfylli kröfur KSÍ og innihaldi nútímalega búningaaðstöðu og aðstöðu fyrir leikmenn, þjálfara og dómara. Kópavogsbær hefur einnig skoðað möguleika á samnýtingu mannvirkisins, t.d. fyrir skólastarfsemi. Í endanlegri hönnun er gert ráð fyrir tveggja hæða stúku með leikmanna- og starfsaðstöðu á fyrstu hæð og VIP-móttöku, veitinga- aðstöðu og skrifstofum á annarri hæð. Einnig verður aðstaða fyrir vallaarstarfsmenn og geymslur fyrir vélar og tæki.

### Heildarkostnaður nemur 2.204.708.910 kr.

Framkvæmdarkostnaður verkefnisins er áætlaður 1.917.138.182 kr., en kostnaður við hönnun, umsjón og eftirlit bætir við 287.570.727 kr.

Heildarkostnaður nemur því 2.204.708.910 kr., þar með talið 20% óvissuþáttur, eða 319.523.030 kr.



Nýr keppnisvöllur HK verður staðsettur við Kórinn

### Áætlaður kostnaður dreifist þannig:

- 2025: 800.000.000 kr. (Hönnun og upphaf framkvæmda)
- 2026: 800.000.000 kr. (Framkvæmdir)
- 2027: 400.000.000 kr. (Lok framkvæmda og lóðafrágangur)

### Samþykkt fjárfesting í verkefnið nemur 2 milljörðum króna

Samþykkt fjárfesting í verkefnið nemur 2 milljörðum króna, en kostnaðaráætlun bendir til að heildarkostnaður verði 200 milljónir hærri. Viðbótarkostnaðurinn mun falla til á síðari hluta framkvæmdatímans árið 2027. Bæjaryfirvöld telja þessa hækkun óverulega og ekki þörf á sértækum aðgerðum til fjármögnunar.

Til að fjármagna verkefnið hefur Kópavogsbær stofnað opinn skuldabréfaflokk (KOP24) í Kauphöll. Ef bæringn skuldbindur sig til að fjármagna viðbótarkostnaðinn með þessum skuldabréfum, munu vaxta- gjöld aukast um 6,5 milljónir króna á ári.

### Rekstrarkostnaður áætlaður 44 milljónir króna

Rekstrarkostnaður vegna stúkunnar og gervigrasvallar er áætlaður 44 milljónir króna á ári, byggt á sambærilegum rekstri Kópavogsvallar. Viðhaldskostnaður er áætlaður 2,2% af brunabótamati mannvirkisins árlega. Að auki verður gervigrasið endurnýjað á 5-6 ára fresti, með áætludum kostnaði upp á 100 milljónir í hvert skipti.

### HK fær aðstöðu sem uppfyllir kröfur fyrir keppni á hæsta stigi

Uppbygging keppnisvallar HK í Kórnum er umfangsmikið verkefni sem byggir á góðri þarfagreiningu og kostnaðaráætlun. Þrátt fyrir 200 milljóna króna umframkostnað frá upphaflegri áætlun er fjármögnun þess undirbúin og rekstrarkostnaður þess í samræmi við sambærileg mannvirki. Með framkvæmd verkefnisins verður Kórinn styrktur sem íþróttamiðstöð og knattspyrnu- deild HK fær aðstöðu sem uppfyllir kröfur fyrir keppni á hæsta stigi.

# 1459 kr.

Heill grillaður kjúklingur

## Prís

## FRÍMANN & HÁLFDÁN

ÚTFARARÞJÓNUSTA

Frímann  
897 2468

Hálfán  
898 5765

Ólöf  
898 3075

Staphrauni 5, Hafnarfirði  
Sími: 565 9775  
www.uth.is - uth@uth.is

Nr.	Verkþáttur	kr.
<b>1.0</b>	<b>FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR</b>	
1.1	Vinnustaður og jarðvinna	71.000.000
1.2	Burðarvirki	403.000.000
1.3	Lagnir	68.000.000
1.4	Raflagnir	86.000.000
1.5	Frágangur innanhúss	164.000.000
1.6	Loftræsing	65.000.000
1.7	Frágangur utanhúss	168.000.000
1.8	Lyfta	15.000.000
1.9	Gervigrasvöllur, lýsing og girðing	557.615.152
1.10	Áhætta og ófyrirséð	319.523.030
<b>1.0</b>	<b>FRAMKVÆMDAKOSTNAÐUR SAMTALS</b>	<b>1.917.138.182</b>
<b>2.0</b>	<b>ALMENNUR KOSTNAÐUR</b>	
2.1	Hönnun umsjón og eftirlit	287.570.727
<b>2.0</b>	<b>ALMENNUR KOSTNAÐUR SAMTALS</b>	<b>287.570.727</b>
<b>ALLS m. vsk</b>		<b>2.204.708.910</b>

Áætlaður framkvæmdakostnaður við uppbygginguna er 2.204.708.901 m/vsk

relaxation.is

# RELAXATION CENTRE

## NUDD OG SNYRTING

# BYD

BUILD YOUR DREAMS

## UPPLIFÐU FRAMTÍÐINA Í BYD SEAL U

KOMDU OG REYNSLUAKTU BYD SEAL U,  
VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR



**BYD SEAL U** verðlistaverð kr. 7.490.000

Styrkur frá Orkusjóði -900.000

**VERÐ KR. 6.590.000**

**218 hestöfl | 87 kwh rafhlaða | 500-674 km drægni**

Í BYD SEAL U er fylgt nýju „Ocean aesthetics“ hönnuninni. BYD SEAL U byggir á grípandi hönnunarheimspeki með því að sameina sjónræna fagurfræði BYD hönnunar með framúr-stefnulegum blæ. BYD SEAL U er vistvænn og fallegur bíll sem hentar litlum sem stórum fjölskyldum. BYD SEAL U öflugur og skemmtilegur fjölnotabíll hröðun úr 0-100 km/klst tekur aðeins 9,3 sek.

Nánari upplýsingar á [byd.is](http://byd.is)

BYD ER STÆRSTI RAFBÍLAFRAMLEIÐANDI Í HEIMI

# KÓPAVOGS

## - P Ó S T U R I N N -

Útgefandi: Kópavogspósturinn ehf.  
Netfang: valdimar@kp.is Ritstjóri: Valdimar Tryggvi Kristófersson,  
Sími: 697 4020. Vefsíða: [www.kgp.is](http://www.kgp.is) Umbrot: Kópavogspósturinn ehf.  
Prentun: Landsprent ehf Dreifing: Póstdreifing

**Kópavogspósturinn kemur næst út 6. mars**

Síðasti skiladagur er föstudaginn 28. febrúar

valdimar@kp.is - Sími 697 4020

Kópavogspósturinn með bæjarbúum í 31 ár - frá 1994

Vefsíða Kópavogspóstisins, [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Kópavogspósturinn er á: Facebook, Twitter og Instagram

## Ríkisútvarpið rás 1, 93,5

Á mínum yngri árum, hlustuðu foreldrar mínir afar og ömmur á Ríkisútvarpið (RUV) og þá var aðeins útvarpið. Þetta síðasti inn „með móðurmjólkinni“, og allar götur síðan hef ég hlustað mikið á RUV rás 1. Ríkisútvarpið var elskað af þjóðinni. Raddir starfsmanna og gestir þess voru hálfguðir í hugum fólksins í fábreynni þessa tíma. Nú hefur það gerst að RUV er á milli tanna fólks, margir vilja loka þessu fyrirtæki. Hvað RUV hefur gert til saka, er ég ekki klára á, en eitthvað „voðalegt“, hefur gerst. Gömul umræða rís upp, að starfsmenn fyrirtækisins séu „allir“, kommar og noti stöðu sína, og að þeir séu hlutdrægir í fréttum sínum osv. Lagt hefur verið til að fyrirtækið verði lagt niður.

Ný kynslóð sem lifir í öðrum heimi, heimi ofgnotta, getur haft sitt álit á RUV, en við



eldra fólk viljum okkar RUV-rás 1. Eldri borgarar eru örugglega bestu hlustendur rásarinnar, hafandi góðan tíma til þess arna.

Bestu þakkir fyrir RUV-rás 1 og starfsmenn þar á bæ, við eldra fólk elskum ykkur!!

Jón Atli Kristjánsson hagfræðingur,  
Formaður Öldungaráðs í Kópavogi.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

síðan 1996

ALÚÐ VIRÐING  
TRAUST REYNSLA

Auðbrekku 1 | 200 Kópavogi | sími: 581 3300 | [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Andrés Andrésón  
S: 662 5339



Jóhanna Eiríks



Guðmundur Örn Jóhannsson  
S: 862 0537

Sólarhringsþjónusta | S: 581 3300 eða [utforin@utforin.is](mailto:utforin@utforin.is)

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Fjarðargötu 13-15 | 220 Hafnarfjarði | s: 565 5892 | [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is)



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | [utfor@utfor.is](mailto:utfor@utfor.is) | [utfor.is](http://utfor.is)

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

# Fjögurra ára stórfelld þjónustuskerðing blasir við íbúum

- segir minnihluti bæjarstjórnar sem vill fresta lokun Sorpu við Dalveg

Á síðasta fundi bæjarstjórnar var lögð fram tillaga frá fulltrúum minnihlutans í bæjarstjórn, um frestum lokunar Sorpu við Dalveg. Afgreiðslu málsins var frestað á fundi bæjarráðs 13. febrúar sl. og óskað eftir kynningu frá Sorpu um viðbragðáætlun við fyrirhugaðri lokun stöðvarinnar við Dalveg, en nú hefur bæjarráð hafnað tillögu um að fresta lokun Sorpu við Dalveg.

## Engin nauðsyn er á að loka á starfsemina fyrr en að nýrri uppbyggingu kemur

Eftir langa leit hefur nýrri endurvinnslustöð Sorpu fyrir Kópavog og Garðabæ loks verið fundinn staður efst á Glæðheimasvæðinu í Kópavogi segir í tillögu frá fulltrúum minnihlutans í bæjarstjórn um frestum á lokun Sorpu við Dalveg. „Samkvæmt upplýsingum frá Sorpu má gera ráð fyrir að það taki 2 – 4 ár að koma þeirri stöð í virkni. Stöðin tekur við 18% af heildarlosun höfuðborgarsvæðisins á endurvinnslustöðum og hafa stjórnendur Sorpu lýst áhyggjum sínum af því ástandi sem getur skapast þar til ný stöð kemst í gagn. Borgaryfirvöld hafa bent á að endurvinnslustöðvar Sorpu þar séu fullnýttar og anni ekki því viðbótarálagi sem skapast við lokun í Kópavogi.

Bæjarstjóri Kópavogs hefur sett fram kröfu um að endurvinnslustöð Sorpu á Dalvegi víki ekki síðar en 1. september 2025. Við Kópavogsbúum og öðrum sem nýta þjónustu endurvinnslustöðvarinnar blasir allt að fjögurra ára stórfelld þjónustuskerðing. Ekki liggja fyrir hugmyndir um nýtingu svæðisins við Dalveg eftir lokun Sorpu en athugun á því er í burðarliðnum. Gera má ráð fyrir að vinnsla nýrra hugmynda taki 1-2 ár hið skemmsta áður en hægt verður að byrja uppbyggingu á svæðinu. Engin nauðsyn er á að loka á starfsemina fyrr en að nýrri uppbyggingu kemur.



Minnihlutinn í bæjarstjórn vill fresta lokun Sorpu á Dalvegi

Því er lögð fram tillaga um að fresta lokun Sorpu við Dalveg þar til ný uppbyggingaráform liggja fyrir og koma til framkvæmda,” segir í tillögu minnihlutans

## Lokum veldur verulegri skerðingu á þjónustu við bæjarbúa

Eins og áður segir þá hafnaði meirihluti bæjarráðs tillögunni og lagði minnihlutinn þá fram eftirfarandi bókun þar sem minnihlutinn hvarf ákvörðun meirihlutans að hafna tillögunni. „Það liggur fyrir að endurvinnslustöð á Glæðheimasvæðinu verður ekki fullbúin fyrr en eftir 2-4 ár. Lokun stöðvarinnar við Dalveg þann 1. september næstkomandi mun valda verulegri skerðingu á þjónustu við bæjarbúa. Ljóst að aðrar stöðvar Sorpu á höfuðborgarsvæðinu eru þegar fullnýttar og ráða illa við aukni álag. Undirritaðar leggja því enn og aftur áherslu á að endurvinnslustöðinni við Dalveg verði ekki lokað fyrr en þörf er á að nýta lóðina undir annað. Jafnvel þótt komið yrði upp móttökustöð til bráðabirgða er ljóst að slík stöð mun aldrei veita sömu þjónustu og núverandi endurvinnslustöð við Dalveg gerir.”

## Tímabundnu ástandi vegna flutninganna verður mætt með aðgerðaráætlun sem Sorpa hefur kynnt

Meirihlutinn svaraði því að flutningur á endurvinnslustöðinni á Dalvegi yfir í Glæðheimu muni tryggja íbúum Kópavogs og nágrennasveitarfélaga betri þjónustu en er í dag enda er núverandi stöð á Dalvegi barn síns tíma og hefur um langt skeið ekki uppfyllt öryggiskröfur. „Óhjákvæmilega fylgir því alltaf rask þegar breytingar verða á starfsemi en þær breytingar sem hér eru til umræðu eru löngu tímabærar að mati meirihlutans, enda var lóðinni á Dalvegi úthlutað tímabundið undir endurvinnslustöð fyrir rúmlega 30 árum, árið 1991. Þessu tímabundna ástandi vegna flutninganna verður mætt með aðgerðaráætlun sem Sorpa hefur kynnt og telur meirihlutinn að sú áætlun muni tryggja fullnægjandi þjónustu við íbúa á meðan breytingarnar ganga yfir. Meðal annars telur aðgerðaráætlunin í sér að komið verði upp bráðabirgða endurvinnslustöð á þeirri lóð sem fyrirhuguð er undir endurvinnslustöðina í Glæðheimum,” segir í bókun meirihlutans.

## Sundlaugarnar fá sitt í Okkar Kópavogur

Á kjörskrá voru 34.982 íbúar og alls kusu 3540 íbúar

Infrarauðar saunur og yfirbyggðir stigar í rennibrautir beggja sundlauga Kópavogs, vélfryst skautasvell í Kópavogsdal, bleikir bekkir til minningar um Bryndísi Klöru Birgisdóttur, aðstaða til sjósunds á Kársnesi og endurnýjun og stækkun á leiksvæði við Menningarhúsin er meðal þess sem íbúar Kópavogs völdu áfram í kosningum í verkefninu Okkar Kópavogur 2024-2025.

Rafrænar kosningar í verkefninu hófust þann 23. janúar síðastliðinn og lauk á hádegi þann 4. febrúar. Á kjörskrá voru 34.982 íbúar og alls kusu 3540 íbúar, eða 10,1% kjósenda.

Kópavogur hefur hlotið viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag og var ungmennum fæddum árið 2011 og eldri boðið að taka þátt í kosningum. Ungmennin þurftu rafræn skilríki til að kjósa. Alls komust 15 hugmyndir af samtals 67 áfram í kosningunni. Allt að 340 milljónum verður varið í framkvæmdir árin 2025-2027.



## Verkefni sem voru valin í neðri byggðum:

- Sauna í Sundlaug Kópavogs
- Vélfryst skautasvell í Kópavogsdal
- Aðstaða til sjósunds á Kársnesi
- Kópavogsdalur - jóla, skammdegislýsing
- Bætti lýsing við gangbrautir
- Leiksvæði við Menningarhúsin - endurnýjun og stækkun
- Útivistarsvæði - ávaxtatré og berjarunnar
- Sundlaug Kópavogs - yfirbyggður stigi við rennibraut
- Minningarbekkir um Bryndísi Klöru

## Salalaug fær sitt en íbúar vildu bæði saunu og infrarauða saunu og yfirbyggðan stiga við rennibraut

## Verkefni sem voru valin í efri byggðum

- Infrarauð sauna í Salalaug
- Salalaug - yfirbyggður stigi við rennibraut
- Minningarbekkir um Bryndísi Klöru
- Sauna í Salalaug
- Arnarnesvegur við Rjúpnasali - planta trjágróðri í mön
- Kórinn - göngustígur að Þingum



# VIÐ EIGUM 50 ÁR AFMÆLI



Af því tilefni bjóðum við  
**20-50% afslátt** af völdum  
húsgögnum og gjafavöru

📞 559-9002

📍 Miðhraun 24, Garðabær

🌐 bustod.is

📞 421-3377

📍 Tjarnargata 2, Reykjanesbær

✉ bustod@bustod.is

# Dagur leikskólans – Sköpun og samvinna í Austurkór



Í tilefni af Degi leikskólans sem var haldinn hátíðlegur þann 6. febrúar unnu leikskólabörn á Austurkór skapandi verkefni sem hangir uppi við Krónuna í Vallakór.

Við hvetjum alla til að kíkja við og njóta verkisins sem börnin hafa unnið af áhuga



og gleði! Með þessari sýningu viljum við vekja athygli á mikilvægi leikskólans fyrir börnin og samfélagið.

Leikskólinn er staður þar sem börn læra í gegnum leik. Þau eflast félagslega og þroskast í öruggu, hvetjandi og jákvæðu umhverfi. Í gegnum daginn fá þau tækifæri til að kanna, prófa sig áfram og byggja upp sjálfstraust og hæfni sem mun nýtast þeim alla ævi.

Meðfylgjandi eru myndir af undirbúningi listaverksins.



# Mayoral opnar í Smáralind 1. mars

Mayoral er ein af stærstu barnafatakeðjum heims með um 10.000 útsöluastaði í yfir 100 löndum

Spænska barnafatakeðjan Mayoral opnar tvær nýjar verslanir á Íslandi á laugardaginn, 1. mars, annars vegar í Smáralind auk þess sem netverslun Mayoral.is mun opna samtímis þ.e.a.s. þann 1. mars. kl. 12:00. Mayoral býður upp á tiskufatnað, skó og fylgihluti fyrir börn á aldrinum 0-12 ára. Mayoral er ein af stærstu barnafatakeðjum heims með um 10.000 útsöluastaði í yfir 100 löndum ásamt netverslun sem nær til 21 markaðs. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í Malaga á Spáni.

Eitt virtasta barnafatamerki Evrópu með næstum 100 ára reynslu í greininni

Mayoral er virt spænskt barnafatamerki með næstum 100 ára reynslu í hönnun og framleiðslu á fatnaði fyrir börn. Fyrirtækið var stofnað árið 1941 í Malaga á Spáni og er nú rekið af 4. ættlið sömu fjölskyldu. Áhersla er á að bjóða upp á hágæða, þægilegan og tiskufatnað og skó á hagkvæmu verði fyrir börn á aldrinum 0-12 ára ásamt unglingsstærðir upp í 16 ára. Með öflugri viðveru í yfir 100 löndum og 10.000 útsöluastaðum hefur Mayoral fest sig í sessi sem eitt af leiðandi barnafatamerkjum í heiminum og eitt það stærsta í Evrópu. Fyrirtækið leggur mikla áherslu á nýsköpun, gæði og umhverfisvæna framleiðslu, sem endurspeglast í fjölbreyttu vöruúrvali, lögðu fram af kostgæfni yfir 100 hönnuða sem leggja til fjölda nýrra lína barnafatnaðar ár hvert á hagkvæmu verði.

Skemmtilegt skref að opna á Íslandi

„Undirbúningur fyrir opnun fyrstu verslana Mayoral á Íslandi hefur sannarlega verið okkur ánægjulegt og spennandi. Við höfum unnið með Dimmalimm til fjölda ára og tökum nú skrefið alla leið þegar við kynnum okkur fyrir íslenskum fjölskyldum að fullu. Það er skemmtilegt skref fyrir okkur og sérstaklega í ljósi þess að geta boðið upp á vöruúrvalið í einni helstu verslunarmiðstöð landsins og á netinu, samtímis,“ segir Juan Carlos Jimenez, yfirmaður alþjóðasviðs Mayoral.

Ný verslun í Smáralind og www.mayoral.is opnar 1. mars kl. 12:00

Verslun Mayoral í Smáralind, þar sem áður var Vodafone er um 100 m<sup>2</sup> að stærð mun bjóða upp á nýjustu hugmyndafræði við hönnun verslana sem kynnt var fyrir um tveimur árum síðan þar sem notalegt verslunarrými er undirstrikað með náttúrulega ljósum efnivið með áherslu á sjálfbærni, fjölbærni og tækni. Þetta nýja umhverfi stendur upp úr fyrir hlýju, ferskleika andrúmsloftsins og bjartri lýsingu. Uppbygging rýmisins byggist á forsendum vistvænnar hönnunar og hringrásarhagkerfisins og inniheldur þætti og húsgögn m.a. úr endurunnum efnum. Mayoral í Smáralind opnar kl. 12:00 þann 1. mars.

Mayoral hefur verið Íslendingum að góðu kunn en verslunin Dimmalimm hefur selt hluta vöruúrvals Mayoral í versluninni á Laugaveginum til fjölda ára og mun selja hluta vörlínu Mayoral áfram. Í gegnum umboðssamning við Lóu D. Kristjánsdóttur og Albert Þór Magnússon sem hafa rekið Lindex vörumerkið hér á landi í yfir áratug á farsælan hátt ásamt Gina Tricot, opnast nú tækifæri til að gera vörum Mayoral mun betri skil með opnun fyrstu verslunar Mayoral, www.mayoral.is ásamt versluninni í Smáralind eins og fyrr segir.



Mayoral býður upp á barnafatnað ásamt fylgihlutum og skóm fyrir börn á aldrinum 0-12 ára ásamt unglingsstærðum upp í 16 ára



Ungbarnafatnaður til unglingsstærða

Vöruúrval Mayoral samanstendur af Newborn línu sem er ungbarnafatnaður á 0-18 mánaða börn ásamt gjöfum og aukahlutum þar sem leitat er við að ná jafnvægi á milli nýjustu tiskustrauma og þæginda, mýktar og gæða sem eru nauðsynleg fyrir barn á fyrstu mánuðum þess. Baby lína Mayoral samanstendur af fatnaði og aukahlutum fyrir 6 til 36 mánaða gömul börn og einkennist af fjölbreytilegum og þægilegum fatnaði án þess að missa sjónar af nýjustu tiskustraumum og litum til að bjóða upp á hentugan fatnað við öll tækifæri. Í Mini línunni fyrir börn á aldrinum 2ja til 9 ára er viðkvæðið „Verum vinir“ í aðalhlutverki þar sem lífskraftur og ferskleiki bemsunnar eru í brennidepli. Litagjöðu flíkurnar samanstanda af heildstæðu útliti og þægilegum efnum fyrir daglegar óskir barna.



Viss um að Mayoral verði vel tekið af fjölskyldum landsins

„Við höfum fylgst með vörumerki Mayoral til margra ára og þegar tækifæri bauðst til að koma með alvöru Mayoral verslun hingað til Íslands ásamt netverslun mayoral.is urðum við strax spenn. Við erum full tilhlökkunar og erum sannfærð um að Mayoral verði vel tekið af fjölskyldum landsins“, segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Mayoral á Íslandi.



Samfélagsleg ábyrgð Mayoral

Mayoral Group virðir skuldbindingu sína við umhverfið, samfélagið og stjórnað hætti fyrirtækja (ESG) með verkefni undir kjörorðinu „Elskum jörðina!“ Það felst m.a. í áætlun um að á næsta ári verði um 50% af fatnaði fyrirtækisins framleidd með sjálfbærari hætti og úr sjálfbærari efnum en nú þegar uppfylla um 43% vöruúrvalsins þessi skilyrði. Mayoral er aðili að Sustainable Apparel Coalition (SAC), alþjóðlegu bandalagi um sjálfbæra framleiðslu í textíl-, skó- og fataiðnaðinum. Árið 2023 gekk hópurinn til liðs við alþjóðlega Better Cotton áætlunina, eina af helstu framtaksverkefnum sem stuðla að ábyrgari ræktun á bómull og notar FSC-vottaðan pappír í vörulistum sínum, verslunarpokum og fatamerkingum en Forest Stewardship Council (FSC) eru frjáls félagsamtök sem stuðla að umhverfislegri og hagkvæmri stjórnun á skóglendum heimsins.

Ný netverslun Mayoral.is ásamt nýrri verslun í Smáralind opna samtímis þann 1. mars. 2025 en hægt að fylgjast með á Instagram síðunni @mayoraliceland og Facebook @ Mayoral Iceland.

Aðilar geta orðið vinir Mayoral á Íslandi á síðunni www.mayoraliceland.is.

## Gljáandi heimili

í Kópavogi frá 2013

Allt að 20% afsláttur af reglubundnum þrifum

Verð frá  
**19.791 kr.**  
á mánuði

Heimilisþrif  
heimilisthrif.is



# STÓRA FASTEIGNAKYNNINGIN

## 1.-2. MARS

GOLFKLÚBBUR GKG Í GARÐABÆ  
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ KL. 11 TIL 17

### ÁTT ÞÚ ÞÉR DRAUM?

**NOVUS HABITAT** mun kynna allt það nýjasta sem í boði er í fasteignakaupum á Costa Blanca, Costa Cálida og Costa Del Sol svæðunum á Spáni og Tenerife.

Ómissandi viðburður fyrir alla sem dreymir um fasteign á Spáni eða Tenerife.

#### DAGSKRÁ

- **La Manga Club Properties.** Kynna verkefni við golfvöllinn á La Manga.
- **Abama.** Kynna verkefni við Abama golfvöllinn á Tenerife.
- **Vermell/Amal.** Kynna verkefni í Los Alcazares / La Serena.
- **Jose Diaz.** Kynna Santa Rosalia.
- **Area.** Frumsýna nýtt verkefni í Ciudad Quesada / La Marquesa.



**NOVUS HABITAT** býður heildarlausnir fyrir kaupendur fasteigna á Spáni með sérhæfingu í sölu nýbygginga á Costa Blanca og Costa Cálida svæðunum á Spáni og Tenerife. Við höfum um áranlangt skeið séð um fasteignakaup Íslendinga á Spáni. Við finnum réttu eignina, sjáum um allt sem viðkemur kaupferlinu, aðstoðum við innbú eigna og hjálpum kaupendur við að koma eign sinni í leigu hluta af ári, óski þeir þess. Auk þess aðstoðum við kaupendur við stofnun og uppbyggingu viðskiptatækifæra á Spáni.

#### ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM FASTEIGNAKAUP Á SPÁNI Á EINUM STAD

Velkominn Svali. Við bjóðum Svala velkominn í hópinn okkar og verður hann á kynningarfundinum til að svara öllu sem viðkemur fasteignakaupum á Spáni og Tenerife.



**NOVUS HABITAT**  
FASTEIGNIR

[novushabitat.is](http://novushabitat.is)

# Svali kynnir nýjar fasteignir á Tenerife og Spáni um helgina

Um helgina mun Novus Habitat halda kynningarfundir þar sem hægt verður að fræðast um allt sem máli skiptir varðandi fasteignakaup á Spáni og Tenerife. Fundirnir verða í klúbbhúsi Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar við Vífilstaði í Garðabæ á milli klukkan 11 og 17 laugardag og sunnudag.



Svali Kaldalóns hefur verið búsettur á Tenerife um árabil

Nýverið gekk Svali Kaldalóns til liðs við Novus Habitat sem er íslensk fasteignasala með starfsstöðvar á Spáni og starfssemi víðsvegar í Evrópu. Eins og margir vita hefur Svali verið búsettur á Tenerife um árabil og þjónustað þar íslenska ferðalanga. Eins og fram kom í fréttum í síðustu viku ferðast um 50.000 Íslendingar til eyjarinnar fögru á hverju ári.

„Það er mjög gaman að sjá hversu mikið Íslendingar elska Tenerife og fólk kemur hingað aftur og aftur, ár eftir ár, og margir nokkrum sinnum á ári. Það er eitthvað svo heillandi við að heimsækja eyjuna en það er enn meira töfrandi að búa héra,“ segir Svali sem er búinn að búa á Tenerife núna í hátt í átta ár. „Undanfarin ár hef

ég fundið vaxandi áhuga Íslendinga á að kaupa eign á eyjunni og íslenskum fasteignaeigendum á Tenerife fjölga með hverjum mánuðinum. Þetta er mjög ört vaxandi markaður og þar sem ég var farinn að finna fyrir þrýstingi um að vera Íslendingum innan handar hér varðandi fasteignakaup þá fannst mér rétt að stíga það skref til fulls og gekk til liðs við Novus Habitat. Þessa dagana erum við að undirbúa opnun á nýrri söluskrifstofu á Tenerife og ég hlakka til að taka á mótí Íslendingum í fasteignaleit.“

## Áralöng þjónusta við Íslenska fasteignakaupendur

Fasteignasalan Novus Habitat býður Íslendingum upp á alhliða aðstoð við val og kaup á fasteign ásamt þjónustu eftir kaupin, á íslenski tungu enda er fjöldi starfsfólks fasteignasöluunnar Íslendingar. Aðalskrifstofur Novus Habitat eru í Benijófar, suður af Alicante á Spáni en fasteignasalan sérhæfir sig í nýbyggingum á víðfeðmu svæði við suðausturströnd Spánar og á Tenerife.

Íslendingar hafa í auknum mæli fjárfest í fasteignum við Miðjarðarhafið þar sem njóta má veðurbliðu nánast allan ársins hring. Með fasteignakaupum á Spáni er

fólk ekki einungis að fjárfesta í fasteigninni sjálfri heldur einnig lífsgæðum og lífsstíl. Birtan, hlýjan og loftslagið gerir fólk gott og ekki spillir verðlagið og fersk matvaran við Miðjarðarhafið fyrir.

## Frumskýning á nýjum íbúðaklassa í Quesada

Á kynningarfundinum um helgina verða með í fimm spænskir byggingaraðilar að kynna fjölbreytt úrval eigna. Einbýli með einkasundlaug og íbúðir, ýmist á og við golfvelli jafn sem íbúðakjörmum þar sem sundlaugar og garðar eru í sameign. Í flestum tilvikum má finna helstu þjónustu í næsta nágrenni en flestir vilja hafa verzlun og veitingastaði í göngufæri á meðan hjá öðrum skiptir það minna máli.

## Um helgina verður frumsýning á nýjum eignum sem rísa munu í Ciudad Quesada.

„Það er gaman að segja frá því að á kynningunni verður í fyrsta sinn kynnt splúnkúnytt verkefni í Quesada í Rojales á Torrevieja svæðinu á Spáni, svæði sem Íslendingar þekkja mjög vel. Þetta verður í fyrsta sinn sem byggingaraðilinn sýnir þetta nýja svæði þannig að íslenskir kaupendur fá fyrstir tækifæri til að skoða þessar stórkostlegu eignir,“ segir Svali



Á kynningarfundinum Novus Habitat í GKG verður kynnt fjölbreytt úrval fasteigna



og bætir við: „Einnig langar mig að segja sérstaklega frá æðislegum fasteignum við frábæran golfvöll í Guia de Isora sveit- arfélaginu, sunnan megin á eyjunni. Völlurinn heitir Abama og er 18 holu meistaramótsvöllur hannaður að heimþekktum golfhönnuði, Dave Thomas. Þetta er algert lúxussvæði á suðurströnd Tenerife með Michelin veitingastöðum og annari heims- klassa þjónustu. Þetta er eitthvað sem allir sólarýrkandi golfíðkendur ættu að kynna sér.“

## Kynningarfundirnir eru öllum opnir

Svali hvetur alla til að koma og spjalla við sig um helgina. Kynningarfundirnir eru öllum opnir og gestir geta kíkt í heimsókn hvenær sem er á milli klukkan 11 og 17, bæði laugardag og sunnudag.

Hægt er að bóka einkafund með Svala eða öðrum söluráðgjöfum Novus Habitat með því að hafa samband í gegnum netfangið [info@novushabitat.es](mailto:info@novushabitat.es). Einnig er hægt að fá góðar upplýsingar á heimasíðunni [novushabitat.com/is/](http://novushabitat.com/is/)



## DIGRANES- OG HJALLAKIRKJA

# ÆSKULÝÐSDAGURINN 2. MARS

Fjölskyldumessa  
Andlitsmálning & pylsur  
Digraneskirkja kl. 11

Messa með MINECRAFT tónlist  
Hjallakirkja kl. 20

FYLGIST MEÐ OKKUR

[digraneskirkja.is](http://digraneskirkja.is) | [hjallakirkja.is](http://hjallakirkja.is) | Facebook



A young boy with red hair, wearing a light-colored suit, is walking and smiling. In the background, a young girl in a white dress and headband is walking. The scene is outdoors in a garden with trees and plants.

# mayoral

1. mars kl. 12:00

# Smáralind

[mayoral.is](http://mayoral.is)

# Ótrúleg saga tveggja feðga frá Venesúela og því hvernig örlögin leiddu þá báða til Íslands

Gestir á Bókasafni Kópavogs fengu áfram að kynna sögu fólks sem hefur flust búferlum til Íslands í erindaröðinni Flóru mannlífsins þar síðasta miðvikudag. Í þetta sinn heyrðu gestir ótrúlega sögu tveggja feðga frá Venesúela og því hvernig örlögin leiddu þá báða til Íslands þegar Sigríður Láretta Jónsdóttir ræddi við þá um ferðalag þeirra hingað til lands og tengsl föðurins við Ísland á níunda áratugnum. Spjallið fór fram á ensku og spænsku og voru bæði íslensku- og spænskumælandi einstaklingar á meðal áhorfenda.

Carloz Alberto Ramirez er frægur leikari í Venesúela og kom hann fyrst til Íslands árið 1982 með leikhópnum sínum til að taka þátt í Listahátíð Reykjavíkur.

Eftir sýninguna var hópurinn kynntur fyrir konu að nafni Vigdís Finnbogadóttir sem sagðist vera mikil áhugamanneskja um leikhús, en skyldi það engan undra. Hún var afar áhugasöm um starf leikhópsins og fór svo að lokum að hún bauð öllum leikhópnum heim til sín í mat.



Sigríður Láretta ásamt þeim feðgum í Bókasafni Kópavogs

Carlos var furðulostinn þegar hann mætti á forsetasetrið og þar var engin öryggisgæsla, aðeins ein aðstoðarkona í matseldinni. Hann upplifði svo mikla hlýju og virðingu frá Vigdísi og öllum Íslendingum sem hann kynntist, að þegar hann kom heim sagði hann Rafael, fjögurra ára syni



Sigríður Láretta Jónsdóttir ræddi við þá feðga, Rafael og Carloz um ferðalag þeirra hingað til lands og tengsl föðurins við Ísland á níunda áratugnum

sínum, að Ísland væri fullkomnasta land í heimi.

Þegar Rafael var orðinn fullorðinn höguðu örlögin því svo að fjölskyldan þurfti að flytja til Kólumbíu til að sækja læknisþjónustu fyrir langveikan son Rafael. Þar vann Rafael sem þjónn og lenti hann á spjalli við fastakúna frá Íslandi og urðu þeir miklir vinir. Þegar fjölskyldan þurfti síðar að flytja frá Kólumbíu borgaði vinur þeirra frá Íslandi flugfarir fyrir Rafael og fjölskyldu hans til Íslands. Þá sá sonurinn að faðir hans hafði rétt fyrir sér með landið. Hér hitti hann fyrir þá hlýju og virðingu sem faðir hans hafði talað um. Hér á landi býr Rafael enn þann dag í dag með fjölskyldu sinni,

en yngsti sonur hans fæddist hér og var nefndur í höfuðið á velgjörðarmanni þeirra sem bauð þeim hingað. Faðir Rafael er nú fluttur hingað til þeirra, fjórum áratugum eftir hann snæddi kvöldverð með þáverandi forseta á Bessastöðum.

## Satu Ramö mætir næst

„Langar þig að kynna fleiri ótrúlegum ævisögum? Ekki þá missa af næsta erindi, en þá kemur Satu Ramö sem er fædd í Finnlandi en býr nú á Ísafirði og skrifar bækur sem gerast vestur á fjörðum og hafa slegið í gegn,“ segir Harpa Grétarsdóttir, verkefnastjóri á Bókasafni Kópavogs, en Satu kemur á safnið fimmtudaginn 20. mars kl. 17.

Auglýsing um breytt deiliskipulag í Kópavogi.  
Dalvegur 32 A, B og C.  
Breytt deiliskiplag.

Bæjarstjórn Kópavogs samþykkti 11. febrúar 2025 með tilvísun í 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar nr. 32 við Dalveg.

Í tillögunni felst hlíðrun austari inn-/útkeyrslu frá lóðinni við Dalveg vegna hæðarlegu lands og hagræðingar umferðarflæðis innan lóðarinnar. Aukning byggingarmagns neðanjarðar úr 3205 m<sup>2</sup> í 6250 m<sup>2</sup> fyrir bílageymslu, hjólageymslu, starfsmannaaðstöðu og geymslu- og tæknirými ásamt því að hluti bílastæða ofanjarðar á lóðinni verður fluttur í bílageymslu neðanjarðar. Heildarfjöldi bílastæða á lóðinni er óbreyttur. Þá eru gerðar breytingar á tengingum göngu- og hjólastiga innan lóðarinnar við göngu- og hjólastiga Kópavogsbæjar sem liggja austan við lóðina. Jafnframt er byggingarreitir ofanjarðar stækkaður um 50 cm til suðurs og austurs (að Reykjanesbraut). Hámark byggingarmagns ofanjarðar helst óbreytt fyrir Dalveg 32C eða 9894 m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall ofanjarðar er óbreytt 0,8 en nýtingarhlutfall neðanjarðar eykst úr 1,15 í 1,31.

Tillagan er sett fram í uppdráttum í mkv. 1:1.000 ásamt greinargerð og skýringarmyndum dags. 15. janúar 2025. Nánar er vísað til kynningargagna.

Ofangreind tillaga er aðgengileg í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 205/2025 og á vefsíðu Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is). Ef óskað er frekari upplýsinga um tillöguna má hafa samband við starfsfólk skipulagsdeilda með tölvupósti á netfangið [skipulag@kopavogur.is](mailto:skipulag@kopavogur.is)

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Athugasemdir og ábendingar skulu hafa borist í gegnum skipulagsgátt, [www.skipulagsgatt.is](http://www.skipulagsgatt.is), málsnr. 205/2025, eigi síðar en 16. apríl 2025.

Skipulagsfulltrúinn í Kópavogi.



Kópavogsbær

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)

## Snædís Xyza Mae Jónsdóttir ráðin yfirmatreiðslumeistari á Fröken Reykjavík Kitchen & Bar

Kópavogsbúinn og matreiðslumeistarinn margverðlaunaði og góðkunnir Snædís Xyza Mae Jónsdóttir hefur verið ráðin yfirmatreiðslumeistari á Fröken Reykjavík Kitchen & Bar. Snædís er einn af fremstu kokkum landsins og það verður spennandi að fylgjast með henni á þessum einstaklega glæsilega veitingastað við Lækjargötu.

Ferill Snædísar er glæstur en hún hóf ferillinn á Sushi Social, Apótekinu og Hótel Sögu þar sem hún útskrifaðist árið 2018. Einnig starfaði hún sem yfirmatreiðslumeistari á Silfru hjá ION Hótelum og stýrði eldhúsinu þar auk þess að taka við þjálfun Kokkalandslíðsins.

Snædís hefur sannað sig sem einn fremsti matreiðslumeistari landsins en hún hefur að auki víðamikla keppnisreynslu. Hún var aðstoðamaður Kokkalandslíðsins 2015 og tók þátt ásamt liðinu á Ólympíuleikum 2016. Hún var fyrirliði liðsins þegar það náði sínum besta árangri, 3. sæti á Ólympíuleikum 2020 og var það í fyrsta skipti sem íslenska kokkalandslíðið komst á verðlaunapall. Hún tók við þjálfun landsliðsins í apríl 2023 og leiddi liðið á pall og náði 3. sæti. auk þess að hljóta tvenn gullverðlaun og sigur fyrir „heita seðill“.



Snædís hefur sannað sig sem einn fremsti matreiðslumeistari landsins en hún hefur að auki víðamikla keppnisreynslu

Það eru ófá verðlaunin sem Snædís hefur hlotið á ferlinum en hún hrepti 1. sætið í keppinni Eftirréttur ársins 2018, 1. sæti í Arctic Challenge keppinni, að auki hefur Snædís náð 4. sæti árið 2019 og 6. sæti árið 2023 í keppinni um titilinn Kokkur ársins. Nýverið var Snædís matreiðslumeistara veitt Cordon Blue orða Klúbbs matreiðslumeistara, en orðan er veitt þeim sem sýnt hafa fram á framúrskarandi starf í þágu matreiðslufagsins.

Snædís er fagmaður fram í fingurgóma sem hefur komið henni í fremsta flokk mat-

reiðslumanna heims. Það verður spennandi að fylgjast með Snædísi á Fröken Reykjavík Kitchen & Bar.

Fröken Reykjavík Kitchen & bar er staðsett á Hótel Reykjavík Sögu við Lækjargötu. Hótelíð er með glæsilegri hótélum landsins og telur 130 herbergi. Á hótelinu er einnig líffegur bar, vínherbergi og heilsulind með líkamsræktaraðstöðu. Hótel Reykjavík Saga er hluti af Íslandshótélum sem eiga og reka 18 hótél með allt að 2.000 gistirými út um allt land auk funda- og ráðstefnuaðstöðu.

## ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ?



Viðgerðir á öllum gerðum af bíla-, mótörhjóra- og snjóleðasætum. Húsbílaklæðningar og öll almenn bólstrun. Við erum þekktir fyrir fljóta og góða þjónustu.

Formbólstrun ehf.  
Hamraborg 5 – Hamrabrekkumegin  
200 Kópavogur – Sími 544 5750  
[hs@bolstrun.is](mailto:hs@bolstrun.is)

[www.hsbolstrun.is](http://www.hsbolstrun.is)  
Sími 544 5750

## Bæjarmolar

### Velferðarsvið í Vallarkór 4

Afgreiðsla velferðarsviðs opnaði í Vallarkór 4 sl. mánudag, en skrifstofur sviðsins fluttu í áföngum í Vallakór á árunum 2023 til 2024 og nú er framkvæmdum við afgreiðslu og viðtalsrími sviðsins lokið.

Opnunartími afgreiðslunnar er frá kl. 08.00 til 15.00 mánudaga til fimmtudaga og til klukkan 13.00 föstudaga.

# KÓPAL

UMHVERFISVÆN  
INNIMÁLNING



**málning**

# Gunnar Sverrir Gunnarsson er nýr framkvæmdastjóri COWI á Íslandi

Gunnar Sverrir Gunnarsson hefur tekið við stöðu framkvæmdastjóra COWI á Íslandi, sem er með höfuðstöðvar í Urðarhvarfi 6 Kópavogi. Gunnar hefur starfað sem staðgengill framkvæmdastjóra síðastliðna þrjá mánuði.



Gunnar Sverrir framkvæmdastjóri COWI á Íslandi

„Gunnar Sverrir Gunnarsson hefur yfirgripsmikla reynslu og þekkingu á íslenskum markaði og hefur gegnt lykilstöðum í sameiningu Mannvits og COWI. Á undanförunum árum hefur hann sýnt framúrskarandi leiðtogaþæfileika og byggt upp traust sambönd við viðskiptavinum okkar. Ég er sannfærður um að hann muni leiða COWI á Íslandi til áframhaldandi vaxtar og velgengni,“ segir Michael Bindseil, framkvæmdastjóri hjá COWI.

Gunnar Sverrir er með bakgrunn í véla- og iðnaðarverkfræði og hefur starfað hjá Mannviti frá árinu 1998, fyrir sameiningu þess við COWI árið 2023. Síðan þá hefur hann gegnt ýmsum lykilstöðum, meðal annars stöðu sviðsstjóra orku og setið í framkvæmdastjórn. „Ég er mjög spenntur að taka þessari áskorun. Hjá COWI leggjum við mikla áherslu á að skilja þarfir viðskiptavina og náð samstarf við skrifstofur okkar um allan heim. Við, ásamt viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum á Íslandi, getum nýtt okkur sérfræðipækningu COWI en þar starfa yfir 7.500 sérfræðingar.“ segir Gunnar Sverrir.

## Alþjóðlegt fyrirtæki með sterka stöðu á Íslandi

COWI á Íslandi hefur unnið að fjölda mikilvægra verkefna líkt og Helliðarvirvirkjun, Hvammsvirkjun og gagnaveri Verne í Reykjanesbæ. Þessi verðmæta sérþekking nýtist COWI einnig á alþjóðlegum markaði. „COWI á Íslandi býr yfir öflugri sérfræðipækningu á sviði vatnsafls og jarðvarma og við erum fús til að nýta þá sérþekkingu víða erlendis til að aðstoða samfélög í átt að sjálfbærari framtíð. Einnig munu viðskiptavinir okkar á Íslandi njóta góðs af sérfræðipækningu COWI á sviði innviða, sjálfbærar orku, bygginga og iðnaðar,“ segir Michael Bindseil, framkvæmdastjóri hjá COWI.

Gunnar Sverrir leggur áherslu á að tryggja stöðu COWI á íslenskum markaði samhliða þátttöku í stórum alþjóðlegum verkefnum. „COWI hefur skýra sýn þegar kemur að þörfum viðskiptavina og gæði verkefna. Það er einstakt að vera hluti af leiðandi alþjóðlegu fyrirtæki sem á í nánú samstarfi á milli landa, samhliða því sem við styrkjum stöðu okkar með því fjölga sérfræðingum hér á landi og eflum um leið verðmæta sérþekkingu.“

## Um COWI

COWI er alþjóðlegt ráðgjafaryrirtæki með höfuðstöðvar í Danmörku. Mannvit sameinaðist COWI árið 2023 sem þýðir að COWI á Íslandi getur boðið íslenskum viðskiptavinum sínum aukna þjónustu og sérfræðipækningu til að vinna verkefni frá frumhugmynd til verklaka.

Sérfræðingar COWI telja um 7.500 aðila að meðtöldum 260 einstaklingum á Íslandi og nær þjónustusviðið yfir verkfræði, arkitektúr, orku og umhverfismál. „Við vinnum að um 10.000 verkefnum að staðaldri í 35 löndum víða um heim, má þar nefna í Skandinavíu, í Bretlandi, Asíu og Norður Ameríku. Í samvinnu við viðskiptavinum, vinnum við að því að móta þjónustu og lausnir á sviði sjálfbærni sem bæta lífsgæði fólks og komandi kynslóða,“ segir Gunnar.

Sjá nánar á: [www.cowi.com](http://www.cowi.com)

# Geta keyrt golfbílinn heiman frá sér og beint á teig

- Góð mæting á kynningarfund um Vetrarmýri
- Mikil eftirvænting er fyrir uppbyggingu hverfisins



Á kynningarfundinum sl. þriðjudag var fjallað um framtíðarsýn hverfisins, skipulag og uppbyggingu, en hverfið er staðsett á einstökum stað við Miðgarð og Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar (GKG) og mun sameina náttúru, nútímalegt skipulag og fjölbreyttar íbúðir fyrir fólk sem sækist eftir útivist og gæðum

Vel á annað hundrað Kópavogsbúa og Garðabæinga mættu á fyrstu kynninguna um uppbyggingu Vetrarmýrar, sem haldin var í samstarfi við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar sl. þriðjudag í golfklúbbnum. Á fundinum kynntu forsvarsmenn verkefnisins bæði þau byggingaráform sem þegar eru hafin og framtíðarsýn svæðisins.

Hönnuðir, skipulagshöfundar og lykilaðilar í þróun verkefnisins tóku einnig til máls og ræddu sérstöðu hverfisins, sem tengir þéttbýli við ósnortna náttúru á einstakan hátt. Þá var einnig fjallað um íbúðirnar við Vetrarbraut 2-4, sem fara í sölu á vormánuðum. Mikil eftirvænting er fyrir uppbyggingu hverfisins, og ljóst er að áhugi á nýjum íbúðum í Vetrarmýri er mikill.

## Nýtt og spennandi íbúðahverfi er í uppbyggingu í Vetrarmýri

Hverfið er staðsett á einstökum stað við Miðgarð og Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar (GKG) og mun sameina náttúru, nútímalegt skipulag og fjölbreyttar íbúðir fyrir fólk sem sækist eftir útivist og gæðum. Á kynningarfundinum sl. þriðjudag var fjallað um framtíðarsýn hverfisins, skipulag og uppbyggingu eins og áður segir.



Vel á annað hundrað Kópavogsbúa og Garðabæingar mættu á fyrstu kynninguna um uppbyggingu Vetrarmýrar, sem haldin var í samstarfi við Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar sl. þriðjudag

## Hágæða íbúðahverfi sem höfðar sérstaklega til þeirra sem meta útivist og nálægð við náttúru

Kópavogspósturinn heyrði hljóðið í Karli Þráinssyni, framkvæmdastjóra Arnarhvals og fékk sýn hans á uppbyggingu Vetrarmýrar. „Við hjá Arnarhvoli höfum mikla reynslu af uppbyggingu íbúða og sáum strax einstakt tækifæri í því skipulagi sem var til staðar í Vetrarmýri. Okkur langaði að skapa hágæða íbúðahverfi sem höfðar sérstaklega til þeirra sem

meta útivist og nálægð við náttúru. Undanfarnin ár hefur uppbygging á höfuðborgarsvæðinu að mestu snúist um þéttingu byggðar með fáum bílastæðum. Verkefni eins og þetta með nálægð við náttúru hafa verið færri og við sáum tækifæri í því.“

## Fjölbreyttar íbúðir sem höfða til breiðs hóps fólks

Karl segir að Garðabær sé þekktur fyrir frábæra þjónustu og mælist ítrekað hátt í ánægju íbúa samkvæmt Gallup könnunum. Að byggja nýtt íbúðahverfi í slíku sveitarfélagi er spennandi, sérstaklega þegar umhverfið býður upp á jafnmörg tækifæri og Vetrarmýri gerir. „Við höfum lagt mikla áherslu á fjölbreyttar íbúðir sem höfða til breiðs hóps fólks – hvort sem það eru einstaklingar, fjölskyldur eða fólk sem vill búa í nálægð við náttúru og útivistarmöguleika. Við horfum líka til framtíðar, á svæðinu verður byggður nýr skóli og svo mun stór hluti íþróttaaðstöðu Stjórnunnar vera í Vetrarmýrinni, sem gerir hverfið enn eftirsóknarverðara,“ segir Karl.

## Fleiri bílastæði en tíðkast hefur

Þá segir Karl að sérstaða þessara íbúða sé að talsvert fleiri bílastæði fylgi íbúðum en tíðkast hefur undanfarnin ár auk þess séu bílskúrar og fristundaskúrar í bílakjallara þannig að til að mynda munu golfarar geta keyrt beint á golfbílnum úr bílakjallara á teig.



Vetrarbraut 2-4 fer í sölu á vormánuðum. Karl segir að sérstaða þessara íbúða sé að talsvert fleiri bílastæði fylgi íbúðum en tíðkast hefur undanfarnin ár auk þess séu bílskúrar og fristundaskúrar í bílakjallara þannig að til að mynda munu golfarar geta keyrt beint á golfbílnum úr bílakjallara á teig

**MEIRAPRÓF**  
**Fjarkennsla**  
Næsta námskeið 20. Mars

**NÆSTU NÁMSKEIÐ**  
20. mars  
24. apríl  
29. maí

Verkleg kennsla í Reykjavík, Akureyri, Sauðárkróki og á Egilsstöðum

Upplýsingar og skráning inn á [www.aktu.is](http://www.aktu.is)

**ATH óbreytt verð frá jan '23**

**AKTÚ**  
ÖKUSKÓLI  
Ökuskóli allra landsmanna

Vefsíða Kópavogspóstsins [www.kgp.is](http://www.kgp.is)

Vertu vinur okkar á:

[Facebook.com/Kopavogsposturinn](https://www.facebook.com/Kopavogsposturinn)

[Twitter.com/Kopavogspostur](https://www.twitter.com/Kopavogspostur)

[Instagram.com/Kopavogsposturinn](https://www.instagram.com/Kopavogsposturinn)

# HOME4U

FYRIR HEIMILIÐ OG ÞIG

**FRANKE** OMNIRES *Rea*



OMNIRES OVO M+

Omnires OVO M+ frístandandi baðkör og handlaugar eru fáanleg í miklu úrvali lita og samsetninga.



# Reiknuð leiga vegna afnota íþróttamannvirkja er 1.732.398.911 kr. fyrir árið 2024

Á fundi Lýðheilsu- og íþróttanefndar sl. fimmtudag var lagt fram yfirlit íþróttadeildar yfir reiknaða leigu vegna afnota íþróttafélaga í Kópavogi af íþróttamannvirkjum bæjarins árið 2024 sem er að upphæð 1.732.398.911,- kr.

## Íþróttafélögin fá styrk á móti reiknaðri leigu

Yfirlitið er á grundvelli reglna íþróttaráðs um afnot af íþróttamannvirkjum frá 2015. Félögin þurfa þau ekki að greiða fyrir leiguna því á móti reiknaðri leigu kemur styrkur frá íþróttaráði að sömu fjárhæð til viðkomandi íþróttafélags, sem skal færa sem styrk á móti reiknaðri leigu í ársreikningum félaganna.

## Reiknuð leiga af íþróttamannvirkjum hæst hjá Breiðablik og HK

Eins og fyrr segir er reiknuð leiga vegna 2024 að upphæð 1.732.398.911,- kr. og skiptist hún eftirfarandi á milli 12 íþróttafélaga í Kópavogi.



Breiðablik 692.569.765,  
HK 662.945.338,  
Gerpla 292.475.765,  
Hvönn 9.467.328,  
Glóð 1.852.775,  
Stálúlfur 17.996.003,  
Ísbjörninn 10.120.784,  
Knattspyrnufélag Kópavogs 700.730,  
Knattspyrnufélagið Miðbær 525.546,

## Íþróttamannvirki og vallarsvæði Breiðabliks í Smáranum

Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar 9.885.032,  
Skotiþróttafélag Kópavogs 10.554.676 og Íþróttafélagið Ösp 3.482.160.

Nefndin óskaði eftir því á fundinum að fjármálastjóri bæjarins mætti á næsta fund nefndarinnar og málinu var því frestað.

Aðsend grein

Jón Atli Kristjánsson

## Matur er manns megin

Við eigum sprenglærða matfræðinga, en í gamla daga var það hún mamma sem vissi allt. Ég og bróðir minn vorum sólgnir í hafrámjöl og mjólk, sem við kölluðum „krúsku“. Rúsinur flutu stundum með til bragðbættis. Við tókum stóra skammta svo aumingja mamma hafði af þessu áhyggjur og talaði við lækni. Hans ráð var, ef þetta fer ekki illa í strákana er þetta í lagi.

Matfræðingar nútímans hafa áhyggjur af skyndimat, sem þeir kalla „ruslfæði“, því í nútímanum er daglega engin tími til að elda mat. Eldra fólk sem býr 1-2 heima er einnig í vanda.

Matfræðingar eru svo góðir að segja okkur eldra fólk hvað við eigum að borða. Bækur og leiðbeiningar eru í hillumetrum og þegar við bætast vítamín og innihalds leiðbeiningar (á öllum heimsins málum) á fólk sem er alið upp á lýsi erfið með að finna leið „gegnum frumskóginn“.

Úr allri þessari speki, leyfi ég mér að segja, það er best sem mamma eldaði, einfaldan



Jón Atli Kristjánsson

mat, fisk, kjöt, kartöflur, grænmeti og látum tilbúna matinn vera (ruslmat).

Maturinn sem við getum pantað hjá þjónustugátt Kópavogs, er einfaldur og góður og færður þér heim ef þú vilt. Hef sjálfur notað mér þetta framtak lengi.

Jón Atli Kristjánsson

Formaður öldungaráðs Kópavogs.

## Afreksstyrkir veittir til 28 íþróttamanna að upphæð 5.550.000 kr.

Lýðheilsu- og íþróttanefnd samþykkti á fundi sínum í síðustu viku að veita afreksstyrk úr Afrekssjóði íþróttaráðs á árinu 2025 til 28 íþróttamanna. Veittir voru styrkir fyrir samtals 5.550.000 kr. 19 hljóta styrk að upphæð 150 þúsund kr. og 9 styrk að upphæð 300 þúsund kr.

### Styrkir fyrir 300.000 kr.

Lýðheilsu- og íþróttanefnd samþykkti að veita Sindra Hrafni Guðmundssyni, Sóleyju Margréti Jónsdóttur, Ingvari Ómarssyni, Marín Anitu Hilmarsdóttur, Eygló Fanndal Sturludóttur, Arnari Péturssyni, Valgarði Reinhardssyni, Thelmu Aðalsteinsdóttur, Hildi Maju Guðmundsdóttur styrk úr afreksjóði að upphæð 300 þúsund krónur.

### Styrkir fyrir 150.000 kr.

Lýðheilsu- og íþróttanefnd samþykkti að veita Haraldi Birgissyni, Ágústi Inga Davíðssyni, Hebu Róbertsdóttur, Huldu Maríu Sveinbjörnsdóttur, Herðisi Björgu Jóhannsdóttur, Júlíu Kristínu Jóhannsdóttur, Birnu Kristínu Kristjánsdóttur, Kristjáni Sigurðssyni, Lilju Katrínu Gunnarsdóttur, Freyju Birkisdóttur, Alexander Erni Kárasyni, Alexander Má Bjarnþórssyni,



Thelma Aðalsteinsdóttir, íþróttakona Kópavogs árið 2024 er ein þeirra sem fékk styrk, en alls fengu 28 íþróttamenn styrk úr afreksjóði að þessu sinni, samtals að upphæð rúmar 5,5 milljónir króna

Martin Bjarna Guðmundssyni, Þorleifi Einari Leifssyni, Kristrínu Ingunni S. Sveinsdóttur, Degi Kára Ólafssyni, Ragnarari Smára Jónssyni, Baldri Frey Árnasyni styrk úr afreksjóði að upphæð 150 þúsund krónur.

## BRA

### BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AÐDUNS

Frí Tjónaskoðun

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Auðbrekku 27. Kópavogi **554 2510**  
[www.bilasprautun.is](http://www.bilasprautun.is)

# FUDGE PROFESSIONAL

## BURT MED GULA TÓNNA

NÚ EINNIG FÁANLEGT Í HAGKAUP

UPPBYGGJANDI TVENNA SEM STYRKIR HÁRIÐ OG EYÐIR ÖLLUM GULUM TÓNUM ÚR LJÓSU OG GRÁU HÁRI

WWW.BPRO.IS FB: /BPROICELAND IG: @BPROICELAND



**Hlíðasmára 8, 201 Kópavogi**



# MEKÓ

## DAGSKRÁ MARS 2025



Söngvaskáld | Bríet



Gjörningafestival | Leið #2



Hæglætisvika | 17.-22. mars



Fjölskyldustund | Sjálfsmyndir



Myndlist og náttúra



Gjörningur | Michael Richardt



Tíbrá | Í draumheimi



Höfundaheimsókn | Emil Karlsson